

6. bekkur

Námsgrein: Leiklist

Kennari: Guðný Kristjánsdóttir

Tímafjöldi: 1 kennslustundir á viku allan veturinn.

Menntagildi námsgreinar: Allir geta eitthvað, enginn getur allt..... Allt getur gerst!

Leiklist er list augnabliksins.

Menntun í leiklist snýst um að þjálfar nemendur í ýmsum aðferðum listgreinarinnar. Nemendur fá tækifæri til þess að setja sig í spor annarra og prófa sig áfram með mismunandi tjáningarform, hegðun og lausnir í öruggu umhverfi. Leiklist styður nemandann í tjáningu, mótun og miðlun hugmynda sinna og tilfinninga. Leiklist reynir á samvinnu, samskipti, sköpun, gagnrýna hugsun, líkams- og raddbeitingu, allt í gegnum leik og sköpun. Með leikrænni tjáningu öðlast nemandinn sjálfsskilning og sjálfsmat sem auðveldar honum að yfirvinna tilfinningalegar og líkamlegar hömlur og þróa með sé sjálfstraust í daglegum samskiptum. Í leiklist og leikrænni tjáningu taka nemendur þátt í skipulagðri og markvissri samvinnu sem eflir félagsþroska.

Námsflokkar:	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Leiklist.	<ul style="list-style-type: none">Nem.geti tekið virkan þátt í leikrænu ferli með hópnum/bekknunumSýnt skólafélögum tillitssemi.Staðið fyrir framan hópinn og flutt stuttan texta/upplifun á skýran hátt.Sett saman einfalda leikþætti með hópnum.Tekið þátt í spuna.Notað búninga, leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.Sýnt viðeigandi hegðun sem áhorfandi.Farið að fyrirmælum kennara	<p>Kennslan byggist á léttum leiklistaræfingum, hópeflisæfingum og spuna. Eitthvað verður farið í undirstöðuatriði í söng og túlkun, raddbeitingu, framkomu á sviði og notkun hljóðnema. Lögð er áhersla á að nemendur geti tjáð sig fyrir framan hóp, tekið þátt í stuttum leikverkefnum og kunni að vera áhorfandi.</p> <p>Nemendur fá að kynnast leikmunum og búningum.</p>	<p>Tekið er mið af hæfniviðmiðum og eftirfarandi lykilhæfnipáttum:</p>

		Unnið verður með einn bekk í einu, ýmist í skólastofunni eða á sviði í sal.	
Kennslugögn: Kennsluefni frá kennara.			